

Pegasus
Sóltún 24
105 Reykjavík

31. maí 2019
UST201904-311/P.V.B.
09.08.02

Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vega við Hjörleifshöfða vegna kvikmyndatöku

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus, dagsett 29. apríl 2019, um leyfi til aksturs utan vega við Hjörleifshöfða.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að keyra ca. 50 metra leið út frá vegslóða sem liggur niður í fjöruna til að koma leikmynd vegna kvikmyndatöku fyrir í sandinum. Gefnar eru upp 5 staðsetningar á korti sem fylgdi umsókninni. Ráðgert er að keyra þurfi 6 ferðir í hvern punkt. Ekki er víst að allar staðsetningarnar verði notaðar. Basecamp fyrir tókuliðið verður nálægt hellinum í Höfðanum þar sem er troðið plan. Aðeins verður keyrt í sandi og verður svæði slóðadregið eftir að leikmynd hefur verið fjarlægð. Sótt er um leyfi fyrir aksturinn á tímabilinu 20.-26. júní 2019.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif sökum aksturs utan vegar. Ljóst er að ekki er hægt að koma leikmyndinni fyrir án þess að keyra utan vegar. Vegalengdin sem til stendur að keyra er stutt og öll í sandi og því um áhrif til skamms tíma að ræða. Auðvelt er um vik að fjarlægja för eftir bifreiðina þar sem keyrt er í sandi og áhrifin því afturkræf.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Pegasus leyfi fyrir akstri utan vegar á þeim staðsetningum sem óskað er eftir í sandinum í kringum Hjörleifshöfða sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 20.-26. júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Allur akstur utan vega umfram það sem heimilað er í leyfi þessu er bannaður. Einungis skal aka bílnum með leikmyndina að og innan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Óheimilt er að keyra yfir gróin svæði.
- Halda skal fjölda ferða frá vegslóða að leikmynd í lágmarki.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki um aksturinn á svæðinu að tókum loknum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur